

1871.

29. júlí.

### 73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um verkfæri handa lækni.

Með bréfi, dagsettu 27. maím. þ. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skrá yfir lækningaverkfæri, sem héraðslæknirinn á Vestmannaeyjum æskir að verði til fengin handa embættinu þar, og hafði þér jafnframt borið upp þá spurningu, hvort greiða megi kostnaðinn við aðgjörð á nokkrum verkfærum, sem tilheyra embættinu, úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

Jafnframt og stjórnarráðið leyfir, að kostnaðurinn við aðgjörðina verði greiddur úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið hefir látið útvega þau af verkfærunum, sem þér álitíð nauðsynleg, sem eru þessi:

(hèr eru talin ýms lækningaverkfæri)

Þessi verkfæri höfum vèr í dag sent héraðslækninum beint hèðan, og mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, sjáið um, að kaupverðið fyrir verkfærin, sem er 8 rd. 32 sk., og samkvæmt tilhlutun stjórnarráðsins mun verða borgað úr aðalféhirzlunni, verði aptur endurgoldið ríkissjóðnum, með því að borga jafnmikið fè til jarðabókarsjóðsins úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

31. júlí.

### 74. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kennslu ómála stúlku.

Eptir að stjórnardeildin hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, sem hingað hafði borizt, um það, að ómála stúlka, 22 ára gömul, Anna Sigríður Magnúsdóttir úr Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu, verði tekin til kennslu á hinn konunglega ómála-skóla í Kaupmannahöfn, hefir teð stjórnarráð tilkynnt oss, að með því stúlkan sè komin svo langt yfir þann aldur, sem inntaka á teðan skóla er bundin við, verði það ekki veitt, sem sókt var um; á hinn bóginn leiðum vèr athygli yðar að því, að stúlkunni megi ef til vill koma til kennslu hjá Páli presti Pálssyni að